



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Sigtún 42, 105 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

UNGMENNABÚÐIR UMFÍ

HANDBÓK FARARSTJÓRA

Í Ungmennabúðum UMFÍ kynnast ungmenni styrkleikum sínum og veikleikum og læra að vinna með þá til að bæta félagsfærni sína.

EFNISYFIRLIT

Upplýsingar um pantanir, verð og greiðslufyrirkomulag	3
Ábyrgð skólans/skólastjóra sem dvelur í Ungmennabúðunum hverju sinni	4
Undirbúningur aðalfararstjóra	4
Undirbúningur nemenda/nemendahóps	5
Samþykki forráðamanna og heilsufarsskýrsla	6
Herbergjaskipan	6
Hópaskipting	7
Staðfesting á fjölda nemenda	7
Upplýsingar um dagskrá og viðburði	7
Komið á Laugarvatn á mánudegi	8
Mikilvæg atriði	8
Hlutverk fararstjóra	9
Kvölds og morgna:	9
Næturvaktir:	10
Námskeið:	10
Matartímar:	10
Heimavistin:	11
Sundlaug:	11
Íþróttahús:	11
Frjáls tími:	11
Veikindi:	11
Agamál:	12
Frágangur og skipulag á föstudegi	12
Til fararstjóra	13
Gátlisti fararstjóra:	13
Aðstaða fararstjóra:	13
Fylgiskjal 1: Samþykki foreldra/forráðamanna	14
Fylgiskjal 2: Heilsufarsskýrsla	15
Fylgiskjal 3: Reglur um raftæki	16
Fylgiskjal 4: Verklýsing og ábyrgð fararstjóra	17

VELKOMIN

Mikilvægt er að fararstjórar séu meðvitaðir um hvað lífið í Ungmennabúðunum snýst. Í þessum bæklingi er gerð grein fyrir Ungmennabúðum UMFÍ og því afar áriðandi að ALLIR fararstjórar kynni sér innihald hans vel áður en komið er á Laugarvatn.

Okkur er það mikil ánægja að fá ykkur fararstjóra sem þátttakendur í starf Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatn. Við vonumst til að þið njótið dvalarinnar hjá okkur. Við gerum okkur grein fyrir að hópar hafi mismunandi þarfir, mismunandi upplifanir og reynslu af Ungmennabúðunum og því er mikilvægt að fararstjóri hafi samband ef eitthvað er óljóst eftir lestur þessarar handbókar.

Af fenginni reynslu leggjum við áherslu á mikilvægi þess að fararstjórar kynni sér efni handbókarinnar vel. Þar koma fram upplýsingar sem eiga að auðvelda fararstjórum, nemendum og starfsfólki undirbúning vegna dvalarinnar, með það að markmiði að gera dvölinna sem árangursríkasta fyrir alla aðila. Handbókin er unnin að miklu leyti eftir samtöl við fararstjóra sem hafa komið í Ungmennabúðirnar. Handbókin útskýrir fyrirkomulag búðanna og gerir einnig grein fyrir þeim störfum sem fararstjórar þurfa að inna af hendi meðan á dvöl stendur.

Góður undirbúningur nemenda og fararstjóra áður en komið er á Laugarvatn eykur líkur á að dvölin verði ánægjuleg og eftirminnileg. Því er æskilegt að fararstjóri undirbúi dvölinna vel og fari yfir með nemendum um hvað lífið í búðunum snýst áður en komið er á staðinn. Má þar t.d. nefna reglur, brot á þeim o.s.frv. Reynsla okkar hefur sýnt að því meiri sem undirbúningurinn er áður en hópur kemur á staðinn því auðveldara er að snúa sér strax að því sem nemendur eru spenntastir fyrir og miðar að því að þeir takist á við vikuna á jákvæðan hátt strax frá upphafi.

UPPLÝSINGAR UM PANTANIR, VERÐ OG GREIÐSLUFYRIRKOMULAG

- Eingöngu skólastjórnendur frá grunnskólum landsins geta pantað dvöl.
- Greiðsla á ferðum til og frá Laugarvatni er ekki innifalin í verði, þær þurfa þátttakendur/skóli að greiða aukalega.
- Verð fyrir dvöl er kr. 35.000.- fyrir hvern nemanda. Frítt er fyrir fararstjóra.
- UMFÍ gefur út reikninga og sendir á viðkomandi skóla nema óskað sé eftir öðru. Rukkað er fyrir allan hópinn í einu, eftir að dvöl líkur. Greitt er fyrir þá sem mæta. Mikilvægt er að skólastjóri gefi upp hvernig ber að rukka fyrir hópinn ef ekki á að nota kennitölu skólans.
- Dvalargjald er ekki endurgreitt ef nemandi er vísað heim.

ÁBYRGÐ SKÓLANS/SKÓLASTJÓRA SEM DVELUR Í UNGMENNABÚÐUNUM HVERJU SINNI

- Ef tjón verður sem nemendur valda viljandi eða óviljandi ber skólinn ábyrgð á því að það verði bætt. Tjónaskýrsla er út fyllt sem báðir aðilar fá eintak af, síðan er skólanum sendur reikningur fyrir tjóninu.
- Þegar nemandi er vísað heim, er það á ábyrgð viðkomandi grunnskóla að koma nemandanum heim. Það þarf að vera skýrt af hendi skólans fyrir brottför, hvernig staðið skuli að slíkum málum. Gott væri að hafa skriflega viðbragðsáætlun tilbúna.
- Skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna fyrir ferðinni þarf að liggja fyrir og foreldrum sé kunnugt um það hvernig skóli hyggst bregðast við ef senda þarf nemandi heim frá staðnum.
- Fylgiskjal 1 – Samþykki foreldra/forráðamanna. Fararstjórar þurfa að hafa uppáskrifuð ýmis leyfi frá forráðamönnum þess efnis t.d. að það megi sækja/skutla nemendum ef eitthvað kemur uppá t.d. heimsókn á heilsugæslu, ef nemandi getur ekki klárað gönguferð eða annað sem krefst þess að viðkomandi þurfi far.
- Fylgiskjal 2, er heilsufarsskýrsla sem foreldrar þurfa að fylla út. Aðalfararstjóri ber ábyrgð á að hafa þessi gögn meðferðis á Laugarvatn og vera meðvitaður um helstu upplýsingar sem þar koma fram og þekkja til ef t.d. samþykki fæst ekki.
- Fararstjórar halda fylgiskjölum 1 og 2 til haga, starfsfólk Ungmennabúðanna tekur ekki við þeim.
- Forráðamenn skulu vera búnir að greiða ferðina til skólans, lágmark tveimur vikum fyrir komu. Skila þarf tímanlega inn upplýsingum til forstöðumanns um þann fjölda sem kemur upp á herbergjaskipan, skipulag og matarinnkaup.
- Fararstjóri í ferðinni ætti að þekkja nemendurna sem hann fylgir.

UNDIRBÚNINGUR AÐALFARARSTJÓRA

- Æskilegt er að aðalfararstjóri hafi samband við fararstjóra sem áður hefur dvalið með unglingahóp í ungmennabúðunum og fái upplýsingar um búðirnar.
- Mikilvægt er að fararstjórar sem eru að fara í ferðina undirbúi sinn hóp. Gott er að láta eldri nemendur eða fararstjóra sem þekkja til kynna ferðina.
- Komi aukalega fararstjóri úr hópi forráðamanna skiptir miklu máli að hann hafi reynslu af því að vinna með unglingum og /eða þekki unglingana.
- Gott er að miða við 20 nemendur á hvern fararstjóra. Það geta verið drjúg verkefni að takast á við, fer þó oft eftir nemendahópnum hverju sinni. Sjá fylgiskjal 4 – verklýsing og ábyrgð fararstjóra.
- Dreifa ætti bæklingi frá Ungmennabúðunum til nemenda með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara.

- Brýna þarf fyrir foreldrum að fara yfir útbúnaðarlista og reglur. Ítreka þarf með að MERKJA þarf allan farangur, föt og dót nemenda.
- Gott er að hafa foreldrafund áður en farið er á Laugarvatn.
- Umsjónarkennari eða aðalfararstjóri þarf að kynna vel fyrir nemendum og foreldrum út á hvað lífið í búðunum gengur, reglurnar sem þar gilda og hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér séu þær ekki virtar.
- Fara þarf vel yfir almennar umgengnis- og kurteisisreglur.
- Fararstjóri þarf að vita um um grænmetisætur, börn með glútenóþol, mjólkuróþol og matarofnæmi og senda þær upplýsingar á ungmennabudir@umfi.is a.m.k. með viku fyrirvara áður en komið er á Laugarvatn. Í Ungmennabúðunum er t.d. til ris- og sojamjól og sojaostur ásamt helstu vörum fyrir þá sem eru með glútenóþol.
- Aðalfararstjóri ber ábyrgð á því að nemendum sé skipt í herbergi og hópa og að tilkynna áætlaðan komutíma a.m.k viku fyrir komu.
- Mælst er til að ekki sé stoppað í sjoppu á leiðinni á Laugarvatn. Nemendur fá einungis morgunverð á föstudeginum áður en lagt er af stað heim.

UNDIRBÚNINGUR NEMENDA/NEMENDAHOPS

- Starfið í búðunum er uppbyggilegt og skemmtilegt fyrir alla. Ein af forsendum þess að svo sé er að þær reglur sem í gildi eru á staðnum séu virtar.
- Fara verður vel yfir með nemendum hvaða afleiðingar það hefur að fylgja ekki reglum búðanna. Þær felast í að brotlegir sæta viðurlögum, sem oftast eru að þeir taka ekki þátt í kvöldviðburðum það kvöldið. Í versta falli eru nemendur sendir heim.
- Nemendur eru sendir undantekningarlaust heim ef þeir hafa meðferðis varning sem er samkvæmt lögum bannaður fyrir þennan aldurshóp s.s tóbak, áfengi eða vopn. Einnig ef þeir verða uppvísir að því að neyta áfengis, vímuefna, tóbaks, eru með lummu eða nota rafrettu.
- Við önnur brot á reglum er það matsatriði hverju sinni hvaða afleiðingar það hefur en brot á reglum hafa alltaf afleiðingar í för með sér.
- Mikilvægt er því að brýna fyrir nemendum hvað þeim er óheimilt að hafa með sér. Sjá meðfylgjandi fylgiskjal nr. 3, reglur um raftæki. Sama gildir um nammi, kex eða annað matarkyns. Hluti upplifunar búðanna er að geta kúplað sig algjörlega frá hversdagsleikanum og verið án þeirra áreita sem unglingar þekkja í dag. Öll óleyfileg tæki, matur og nammi er gert upptækt. Nemendur eiga ekki að hafa með sér pening á Laugarvatn og mega alls ekki fara í nærliggjandi fyrirtæki og verslanir.
- Vert er að taka fram að símar eru í öllum tilvikum bannaðir, hvort sem þeir eru með sim korti eða ekki.

- Varast skal að skapa of miklar væntingar hjá nemendum með því að lofa ákveðnum námskeiðum, gott er ef eitthvað kemur á óvart og ekki ber að gera ráð fyrir að dagskrá sé eins á milli ára eða jafnvel vikna.
- Þurfi foreldrar nauðsynlega að hafa samskipti við nemendur, geta þeir haft samband við búðirnar eftir klukkan 17:10 eða í síma farastjóra (nema ef um neyðartilvik sé að ræða). Af fenginni reynslu er ekki mælt með því að börn séu í daglegum samskiptum við foreldra/forráðamenn nema sérstakar aðstæður kalli á það. Alla jafna er miðað við það að engar fréttir séu góðar fréttir og foreldrar geta treyst því að haft verði samband ef eitthvað kemur uppá.
- Tilkynna þarf nemendum að þeir eigi að hlýða öllum fararstjórum sem og starfsfólki.
- Herbergi nemenda eiga ekki að vera læst og nemendur hafa ekki lykil.
- Nemendur þurfa að vera tilbúnir að taka þátt í starfinu af heilum hug.
- Mikilvægt er að ræða útbúnað og það sem nemendur eiga að hafa með. Má nefna góða útiskó/ vatnshelda skó. Á Laugarvatni fer dagskrá mikið fram utandyra í hvaða veðri sem er. Jarðvegur getur verið blautur og oft drulla þar sem nemendur ganga um.
- Benda þarf nemendum á að óskynsamlegt er að vera með fína skó sem ekki mega verða skítugir eða er erfitt að þrifa. Skór geta skemmst. Einnig er mikilvægt að benda nemendum á að hafa með fót sem mega verða skítug og skemmast.
- Aðalfararstjóri fær senda glærुकynningu, um hentugan útbúnað til að sýna nemendum fyrir brottför.

SAMÞYKKI FORRÁÐAMANNA OG HEILSUFARSSKÝRSLA

Fararstjórar fá sent fylgiskjal 1 og 2 í tölvupósti áður en komið er á Laugarvatn. Fararstjórar þurfa að fá undirskrift foreldra og út fyllta heilsufarskýrslu. Það er ábyrgð fararstjóra að vera meðvitaðir um þessi skjöl og varðveita þeir skjölin á meðan á dvölinni stendur. Þessi skjöl eru til leiðbeininga. Það er ekki neitt til fyrirstöðu að breyta þeim og staðla að viðkomandi skóla.

HERBERGJASKIPAN

Flest herbergi á heimavist eru 4-5 manna með handlaug. Upplýsingar um herbergjaskipan og eyðublað eru sendar til aðalfararstjóra í tölvupósti u.þ.b. 10 dögum fyrir komu, eftir að staðfestur fjöldi liggur fyrir. Aðalfararstjóri raðar nemendum niður á herbergi og sendir síðan út fyllt eyðublað til baka í tölvupósti á ungmennabudir@umfi.is í síðasta lagi á viku áður en hópur mætir á svæðið.

Verið endilega búin að tilkynna nemendum um herbergisfélaga, í síðasta lagi í rútunni á leiðinni til okkar. Okkar reynsla er sú að það getur komið upp mikil óánægja meðal nemenda ef þeir vita ekki með hverjum þeir eru í herbergi, það er ekki tími til að sinna þeim málum þegar komið er á Laugarvatn.

HÓPASKIPTING

Fararstjórar þurfa að skipta nemendahópnum í tvo eða þrjá hópa, eftir fjölda nemenda. Skipt er í hópa í samráði við forstöðumann. Vanda skal til verka við hópaskiptingu og taka sér frekar meiri tíma en minni. Hafa ber í huga að hóparnir eiga að vera slétt tala ef því verður komið við, því unnið er töluvert í þörum. Við skiptingu í hópa þarf fararstjóri að taka mið af félagslegum styrkleika, kynjahlutfalli og Laugaleikunum sem er keppni á milli hópanna. Varast skal að hafa kærustupar og að hafa saman einstaklinga sem geta spilað upp neikvæð áhrif á hópinn í sama hóp. Gott er að hafa í huga þegar um fleiri en einn skóla er að ræða, sérstaklega þegar fámennur og fjölmennur skóli er, að hafa ekki vinaklíkur saman í hóp, það getur reynst erfitt fyrir aðra nemendur að komast inn í slíka samsetningu af hóp. Mikilvægt er að vanda val nemenda í hópana því ekki er hægt að færa nemendur á milli hópa þegar dagskrá er byrjuð. Senda þarf hópaskiptingu með herbergjaskipan/sama exel skjal í síðasta lagi á mánudag fyrir komudag.

STAÐFESTING Á FJÖLDA NEMENDA

Ef miklar breytingar verða í hópnum er nauðsynlegt að láta vita með því að senda tölvupóst eða SMS í síma búðanna á mánudeginum áður lagt er af stað.

Starfsmenn búðanna vilja hafa dagskrá og annað skipulag tilbúið þegar nemendahópur mætir á Laugarvatn, enda eru mörg verk að vinna og lítill tími fyrir breytingar eftir að hópur mætir á svæðið.

UPPLÝSINGAR UM DAGSKRÁ OG VIÐBURÐI

Að öllu jöfnu er skipulögð dagskrá frá kl. 9:30/10:00 - 13:00 og 14:00 - 17:00 á daginn. Eftir hádegi á fimmtudegi er valdagskrá í boði.

Á staðnum er m.a. borðtennisborð, billjard, spil og fótboltaspil til að nota í frítíma. Einnig er hægt er að fara í sund einu sinni á dag í frjálsum tíma, nota útisvæðið eða spjalla saman í setustofu.

Að minnsta kosti einn viðburður er í boði búðanna á hverju kvöldi. Kvölddagskrá er auglýst hverju sinni á upplýsingavegg. Ætlast er til að nemendur taki þátt í skipulögðum viðburðum.

Að loknum Laugaleikum á fimmtudagskvöldi, sem er hápunktur dvalarinnar, er sundlaugarpartý með tónlist. Þeim, sem ekki taka þátt í sundlaugarpartýinu, er ekki heimilt að vera á bakkanum þar sem það skapar vandræði og slysaþættu en hægt er að horfa á fyrir utan sundsvæðið. Minnið nemendur á að hafa sundföt með, það fara alltaf fleiri í sundlaugarpartýið en færri, líka þeir sem aldrei fara í sund.

KOMIÐ Á LAUGARVATN Á MÁNUDEGI

Á mánudegi eiga hópar að vera mættir kl. 11:00, ekki fyrr. ATH það tekur um klukkustund að keyra á Laugarvatn frá Reykjavík. Hringja verður á Laugarvatn ef hópur kemst ekki á þeim tíma og tilkynna seinkun vegna skipulags og móttöku. Ef hópar koma seinna þarf að breyta tímaplani og dagskrá og því er mikilvægt að geta brugðist strax við. Ef fleiri en einn hópur er á staðnum er enn mikilvægara að allar tímasetningar standist.

Þegar komið er á staðinn óskum við eftir því að aðalfararstjóri komi inn, hitti starfsfólk og staðfesti fjölda nemenda og herbergjaskipan áður en nemendum er hleypt út úr rútunni.

Starfsfólk búðanna tekur síðan á móti nemendum og vísar þeim á herbergi.

Að öllu óbreyttu er fundur í matsal stundvíslega kl. 11:45 með nemendum og fararstjórum þar sem farið er yfir skipulag, reglur og annað fyrirkomulag. Hádegismatur er kl. 12:30 og skipulögð námskeið hefjast kl. 14:00.

Kennarar og starfsfólk Ungmennabúðanna fara yfir mál nemenda eftir hádegismatinn. Þegar nemendur eru komnir í dagskrá, hittast síðan allir fararstjórar og forstöðumaður/aðstoðarmaður og fara m.a. yfir skipulag vikunnar, vaktaplan og það vinnuframlag sem gert er ráð fyrir af hendi fararstjóra. Gengið er síðan með fararstjórum um svæðið. Fararstjórar fá afhent eyðublað með vaktaskipulagi til útfyllingar eftir fundinn.

MIKILVÆG ATRIÐI

- Á Laugarvatni er sjúkrakassi og eyrnahtamælir.
- Mælt er til þess að fararstjórar komi með t.d. verkjalyf, dömubindi og Strepsil hálstöflur fyrir nemendur ef þeim þykir þörf á, ekkert apótek er á Laugarvatni.
- Af gefnu tilefni er ekki hægt að skipta alveg út fararstjórategymi þegar dvöl stendur yfir, því þá núllstillist allt á nýjan leik. Ef annar hópur er á Laugarvatni leggst mikil vinna á viðkomandi fararstjóra þegar slík skipti fara fram. Aðalfararstjóri þarf að vera alla vikuna með nemendum. Ef aðrir fararstjórar skipta með sér dvölinni er mikilvægt að aðalfararstjóri sjái um að setja nýja fararstjóra inn í lífið á staðnum.
-
- Aðalfararstjóra ber að hafa með sér símanúmer hjá foreldrum/forráðamönnum nemenda.
- Fararstjórar þurfa að hafa heilsufarsskýrslur meðferðis og verða að þekkja sjúkrasögu nemenda og vita hvort þeir megi taka t.d. verkjalyf.
- Nemendum er með öllu óheimilt að hafa lyf meðferðis. Þurfi þeir hins vegar að nota lyf er ætlast til að þau séu í vörslu fararstjóra á meðan á dvöl stendur, nema ef um astma lyf/púst er að ræða.

- Mikilvægt er að starfsfólk Ungmennabúðanna sé vel upplýst um alla nemendur til að geta brugðist rétt við. Það getur komið í veg fyrir óþarfa vandamál ef slíkar upplýsingar liggja fyrir í upphafi dvalar. Þyki fararstjóra ástæða til að ræða málefni einstakra nemenda við starfsfólk búðanna verður það að vera í samráði við foreldra / forráðamenn þeirra. Fulls trúnaðar skal gætt við slík samtöl.
- Að vera umsjónarkennari með nemendum gefur gullið tækifæri til að kynnast þeim betur og skemmta sér með þeim.
- Mikilvægt er að fararstjórar taki vaktir á heimavist og leiksvæðum alvarlega og séu staðsettir á þeim stöðum í frítíma nemenda til að fylgjast með hegðun og fyrirbyggja slys á nemendum. Alltof mikið er um að hurðir, húsbúnaður og dót sé að skemmast vegna slæmrar umgengni nemenda.
- Brýna þarf fyrir nemendum að þeir mega ekki ónáða íbúa Laugarvatns né notfæra sér þjónustu veitingarhúsa og verslana.
- Brýna þarf fyrir nemendum að passa dótið sitt vel því á Laugarvatni eru 50 grunnskólanemendur og 140 menntaskólanemendur sem hugsanlega eiga eins föt og dót og þeir, þetta á aðallega við notkun í íþróttamannvirki.

HLUTVERK FARARSTJÓRA

Það skiptir mjög miklu máli fyrir allt starf að fararstjórar séu búnir að kynna sér starfsemi búðanna og það hlutverk sem þeim er ætlað áður en lagt er af stað í ferðina. Fararstjórar sjá um að skipuleggja vaktir þar sem þeir undirgangast ákveðna ábyrgð, það er gert á mánudegi eftir fararstjórafund. Á þeim fundi er fararstjórum afhent staðlað vaktblað sem miðast af fjölda fararstjóra og nemenda hverju sinni. Ef fleiri en einn skóli er á Laugarvatni, skipta fararstjórar með sér vöktum yfir öllum nemendum. Stutt verklýsing er í fylgiskjali 5 og neðst í handbók.

KVÖLDS OG MORGNA:

- Sjá um að nemendur séu komnir til herbergja sinna kl. 23:00 og í ró kl. 24:00.
- Vekja nemendur á morgnanna.
- Nemendur byrja á að fara í ísbjörn kl. 8:15 á morgnanna, fyrir morgunverð.
- Sjá til þess að allir borði morgunmat, sem er um kl. 8:35, mikilvægt er að allir séu búnir að borða morgunmat fyrir kl. 9:30. Þeir sem mæta ekki fyrir kl. 9:00/9:30 missa einfaldlega af morgunmatnum þann daginn.
- Fararstjórar geta þurft að aðstoða á kvöldviðburði þegar við á, a.m.k á mánudegi og miðvikudegi.
- Óskað er eftir að allir fararstjórar mæti á Laugaleikana á fimmtudagskvöldi.

NÆTURVAKTIR:

- Fararstjórar sjá um næturvaktir og þarf a.m.k. að vera einn fararstjóri á næturvakt hverju sinni og aðrir á bakvakt.
- Það fer síðan eftir fjölda fararstjóra og samkomulagi þeirra hvernig næturvaktir raðast niður.
- Vaktherbergi er eitt á heimavistinni.

NÁMSKEIÐ:

- Það þarf að lágmarki einn fararstjóri að vera á dagvakt og sjá um að nemendur mæti stundvíslega í öll námskeið. Það er mikilvægt upp á tímarammann sem leiðbeinendur hafa fyrir námsefnið.
- Sami leiðbeinandi og sinnir dagvakt sér einnig um að vera til taks í frímínútunum á milli námskeiða.
- Einnig er nauðsynlegt að sá hinn sami sé til taks á meðan námskeið eru ef eitthvað kemur upp á hjá nemendum á meðan námskeiðin standa yfir.
- Þegar farið er af svæðinu í útivistardagskrá þarf fararstjóra úr hópi kennara þó svo að ávallt sé leiðbeinandi frá búðunum með í för. Misjafn er hvað farið er með marga nemendur í einu.
- Fararstjórar þurfa yfirleitt ekki að aðstoða á námskeiðum í íþróttasal og skólastofu, en það getur komið til ef nemendur þurfa aðstoð vegna fötlunar eða hegðunarvandamála.

MATARTÍMAR:

- Það þarf a.m.k. tvo fararstjóra til að sjá um að skammta á diska fyrir nemendur og tryggja að allir fái mat áður en ábót er leyfð. Fararstjórar þurfa að vera mættir fimm mínútum fyrir hverja máltíð. Ætlast er til að nemendur byrji að borða á tilteknum tíma samkvæmt töflu.
- Sjá til þess að nemendur taki niður höfuðföt og fari úr útifötum áður en komið er inn í matsal.
- Stjórna matarumferð. Það eiga allir að byrja á því að setjast áður en fararstjórar byrja að gefa mat nema í morgunmat og kaffitíma. Aðeins þátttakendur frá einni borðalengju/borði koma upp hverju sinni.
- Sjá um að allt fari vel fram, allir gangi vel um og fylgjast með að nemendur flokki matarafgangna á viðeigandi hátt og raði leirtauí rétt á matarvagn.
- Sjá til þess að nemendur þrífi matsal eftir hverja máltíð samkvæmt skipulagi. Oft þarf að leiðbeina nemendum um þrif og frágang.
- Fararstjórar bera ábyrgð á að matsalur sé snyrtilegur.
- Aðstoða við hressingu um miðjan dag og sjá um frágang í matsal eftir hressinguna.

- Sjá um kvöldhressingu sem. Starfsfólk í eldhúsi sér um að skilja eftir kvöldhressingu en fararstjórar sjá um að gefa nemendum hressingu og ganga frá eins og komið var að.

HEIMAVISTIN:

- Ætlast er til að nemendur gangi snyrtilega um herbergi sín, ef brestur verður á því eru fararstjórar beðnir um að grípa inn í.
- Starfsfólk búðanna framkvæmir herbergjaskoðun á hverjum degi og skráir stig fyrir hana á töflu sem nemendur geta skoðað.

SUNDLAUG:

- Opið er fyrir nemendur í frjálsum tíma á opnunartíma almennings. Nemendur hafa val um að mæta í sund og skrá sig í afgreiðslu sundlaugar.
- Fararstjórar þurfa ekki að skipta með sér gæslu á bakkanum, starfsfólk íþróttamannvirkis sér alfarið um gæslu á sundlaug.
- Sundlaugarpartý er á fimmtudagskvöldi, fararstjórar eru hvattir til að mæta og njóta.

ÍÞRÓTTAHÚS:

- Íþróttahúsið er rekið af Bláskógarbyggð og eiga ungmennabúðirnar fasta tíma í íþróttasal. Örfáar mínútur tekur að ganga yfir frá Ungmennabúðunum.
- Ekki er opið í íþróttahús í frjálsum tíma.

FRJÁLS TÍMI:

Frjálsi tíminn getur orðið sumum nemendum erfiður. Á þessum tíma er ekkert skipulag og nemendur sjá sjálfir um að hafa ofan af fyrir sér. Allir fararstjórar þurfa að vera við störf á þessum tíma og ganga skipulega til starfa. Trúlega kemur hvergi betur í ljós hver andinn er í hópnum en í frjálssa tímanum.

VEIKINDI:

- Veikindi geta alltaf komið upp hjá nemendum og þarf að bregðast við þeim með viðeigandi hætti. Mikilvægt er að upplýsingar um veikindi hverju sinni berist til starfsfólks.
- Fararstjórar bera ábyrgð á að koma upplýsingum til starfsfólks.
- Ef nemendur eru með undanþágu frá gönguferðum, útivist eða hreyfingu verða slíkar upplýsingar að berast til okkar á nemendafundi á mánudegi kl. 13:10.

AGAMÁL:

- Við úrlausn alvarlegra agamála sem upp kunna að koma á Laugarvatni þarf að hafa margt í huga:
- Erfitt getur reynst að kalla til foreldra.
- Það er ekki auðvelt að senda nemendur frá staðnum. Skólastjóri/skóli þarf að hafa viðbragðsáætlun um hvernig nemendur skulu sendir heim ef til þess kemur.
- Fararstjórar þurfa að taka ákvarðanir og vinna úr málum sem stjórnendur viðkomandi skóla sinna yfirleitt.
- Samfélag nemenda getur verið mjög þétt og ákvarðanir og viðbrögð geta haft bein áhrif á hópinn.
- Við úrlausn minni vandamála og samskiptavanda skiptir höfuðmáli hversu góð samskipti eru á milli fararstjóra og viðkomandi nemenda. Þess vegna er mikilvægt að sýna rétt viðbrögð.
- Bregðast strax við áreitum og samskiptavanda með viðtölum.
- Vera vakandi fyrir því hvort um er að ræða raunveruleg vandamál sem kalla á aðstoð.
- Þjófnaður verður ekki liðinn, starfsfólk hefur verkferil hvernig bregðast skuli við ef um grun um þjófnað er að ræða.
- Ef hringja þarf heim vegna brota nemenda sjá fararstjórar um að hafa samband við foreldra nemendanna.

FRÁGANGUR OG SKIPULAG Á FÖSTUDEGI

- Morgunverður er frá kl. 8:15-9:00. Enginn hádegisverður er þann daginn.
- Frágangur á heimavist hefst kl. 9:00. Nemendur ganga frá farangri. Nemendur ganga frá herbergjum, m.a. með því að tæma ruslafötur, þurrka vask og ryksuga. Starfsmaður búðanna er á hverri hæð og yfirfer herbergi með nemendum. Fararstjórar þurfa að vera á ganginum og sjá til þess að fyrrgreind störf séu unnin.
- Þátttakendur og starfsfólk búðanna hittast í matsal kl. 10:00, endurmat og kveðjustund.
- Rútan þarf að vera mætt í síðasta lagi kl. 10:45
- Brottför er kl. 11:00.

TIL FARARSTJÓRA

Fararstjórar eru beðnir um að hafa GSM síma stillta á hljóðlausa stillingu og vera ekki að nota símana eða tala í þá á svæði nemenda. Vinsamlegast notið kaffistofu fararstjóra til þess.

Ef ykkur vantar frekari upplýsingar, þá er um að gera að hafa samband. Endilega spyrjið eða gerið athugasemdir ef eitthvað mætti betur fara. Við viljum að sjálfsgöðu að allir hafi það gott hjá okkur, fararstjórar jafnt sem nemendur og allir fari sáttir heim.

Nemendur fá afhentan bol og brúsa fljótlega eftir komuna á Laugarvatn. Ekki er gert ráð fyrir að fararstjórar fái bol og brúsa.

Þeir sem eru vanir aðstöðunni að Laugum í Sælingsdal verða að sætta sig við að á Laugarvatni er ekki hótél og aðstaða fararstjóra ekki sambærileg.

Fararstjórar hafa aðgang að líkamsrækt og sundlaug á opnunartíma íþróttahúss. Fararstjórar láta merkja við sig í afgreiðslu sundlaugar.

GÁTLISTI FARARSTJÓRA:

- Rúmföt, lak og handklæði. Sængur og koddar eru á herbergjum.
- Sundföt, baðhandklæði og íþróttaföt.
- Útiföt og gönguskór.
- Inniskór.

AÐSTAÐA FARARSTJÓRA:

Fararstjórar hafa þrjú herbergi til umráða, öll eru þau tveggja- þriggja manna. Fararstjórar þurfa að skipta á milli sín herbergjum og raða sér niður á þau fyrir komuna á Laugarvatn. Fararstjórar gista á þessum herbergjum þegar þeir eru ekki á næturvakt og geta nýtt þau í frítíma sínum. Það er ekkert því til fyrirstöðu að fararstjórar keyri á milli heimili síns og Laugarvatns ef nægileg mönnun er á staðnum yfir nóttina.

Setustofa fyrir fararstjóra er hjá herbergjum fararstjóranna. Þar er ískápur, kaffi, te og ýmiskonar lesefni. Það er ekki tölvuaðstaða né nettenging fyrir fararstjóra á Laugarvatni en fínt 4G samband.

Í Ungmennabúðunum er allt sorp flokkað og hugað er að matarsóun. Ætlast er til að allir gestir taki þátt í því. Ungmennabúðirnar reyna sitt besta til að vera grænn og umhverfisvænn staður.

FYLGISKJAL 1: SAMÞYKKI FORELDRA/FORRÁÐAMANNA

Við þátttöku í starfi Ungmennabúða UMFÍ ber foreldrum og forráðamönnum að undirrita eftirfarandi yfirlýsingar til samþykkis eða ekki. Fararstjóra ber að hafa þetta blað með á Laugarvatn.

Nemandi: _____ Kennitala: _____

Skóli: _____ Staður/dagsetning: _____

Við samþykjum hér með að barn okkar hefur leyfi til að sitja í einkabíl ef að til þess þarf. Starfsmaður ungmennabúðanna eða fararstjóri ekur þá bílnum. Einkabíl gæti þurft að nota fyrir heimsókn á heilsugæslustöðina á Laugarási eða Selfossi eða akstur til og frá viðburðum ef að eitthvað kemur upp á.

Undirskrift foreldris/foreldra:

Ég samþykki að sækja barn mitt undir eins ef til þess verður ætlast ef reglur ungmennabúðanna verða brotnar og ef þurfa þykir vegna hegðunarvandamála. Ef ég hef ekki tök á því að sækja barnið gef ég hér með samþykki fyrir því að barn mitt verði sent heim á minn kostnað.

Undirskrift foreldris/foreldra:

Við staðfestum hér með að hafa kynnt okkur reglur Ungmennabúða UMFÍ og undirbúið barn okkar að kostgæfni fyrir dvöl í búðunum.

Undirskrift foreldris/foreldra: _____

Undirskrift nemanda: _____

Til upplýsinga. Starfsfólk Ungmennabúða UMFÍ tekur myndir og myndbönd af nemendum í leik og starfi, þeim til gleði. Myndirnar eru síðan settar á minniskubb og afhentar fararstjóra hópsins. Einnig geta myndirnar verið notaðar í efni á vegum búðanna. Ef að þið viljið ekki að myndir af barni ykkar séu teknar eða birtar vinsamlegast hafið samband á netfangið ungmennabudir@umfi.is.

FYLGISKJAL 2: HEILSUFARSSKÝRSLA**Helstu upplýsingar:**

Nafn nemanda: _____

Heimili: _____

Kennitala: _____

Sími: _____

Foreldrar/ forráðamenn:

Nafn: _____

Heimili: _____

Sími: _____

Vinnusími: _____

Netfang: _____

Ef ekki næst í foreldra/forráðamann í neyðartilvikum má hafa samband við:

Nafn: _____

Tengsl við nemanda: _____

Símanúmer: _____

Heilsufar

Er nemandinn með ofnæmi fyrir t.d fæðu, lyfjum, dýrum eða öðru?

Er nemandinn með sjúkdóm t.d. mígreni, flogaveiki, sykursýki, astma eða annað? Þá hvað/góð lýsing:

Ef einkenni ofnæmisins eða sjúkdómsins koma fram á meðan á dvöl stendur, hvernig er best að bregðast við? Vinsamlegast gefið greinargóða lýsingu á því hvernig við eigum að bregðast við:

_____**Lyf**

Ef um lyfjanotkun er að ræða þá, Hvaða tegund af lyfjum og hversu oft á að taka lyfin? _____

Við undirrituð/-aðir vottum að allt ofan talið sé rétt og samviskusamlega út fyllt:

Undirskrift forráðamanns

Undirskrift nemanda

FYLGISKJAL 3: REGLUR UM RAFTÆKI

Dæmi um raftæki sem eru leyfð til notkunar í frjálsum tíma

- Sléttujárn og hárbلاسارar
- Vasaljós
- Myndbandsupptökuvélar
- Myndavélar (ekki þó síma og snjall tæki og sambærileg tæki sem eru líka myndavélar)
- Rafmagns tannbursti
- Rakvélar
- Fjöltengi
- Litlir hátalarar ef spilað er fyrir herbergisfélagi í frjálsum tíma.

Tónlistartæki

Það má koma með tónlistartæki til eigin afnota og sem truflar ekki aðra og getur bara spilað tónlist. Umrædd tæki má bara nota eftir kl.17:00 til að hlusta á tónlist. Tækið tekið ef það sést í notkun frá kl. 8:00 á morgnanna til kl. 17:00. Litið er að það sem brot á reglu.

Raftæki sem ekki eru leyfð í Ungmennabúðirnar eru:

- GSM síma- ekki heldur síma með engu símkorti.
- Snjallsíma
- Fartölvur/Spjaldtölvur
- Leikjatölvur
- Sjónvörp
- Magnara/Boomblaster/boombox
- Kraftmikla hátalara
- Drónar
- Rafrettur

Lífið í Ungmennabúðum UMFÍ snýst um samskipti og samveru.
Skemmtum okkur vel í sátt og samlyndi með öðrum.

FYLGISKJAL 4: VERKLÝSING OG ÁBYRGÐ FARARSTJÓRA

Aðalfararstjóri sér til þess að allar vaktir séu mannaðar hverju sinni.

Vekja nemendur og aðstoð við morgunmat kl. 8:00-10:00

Sjá til þess að allir nemendur séu vaktir í tæka tíð og mættir út í morgungöngu og ísbjörn kl. 8:15. Morgunmat er síðan um kl. 8:45. Aðstoða við að rista brauð og gefa hafragraut. Sjá til þess að umsjónahópur þrifi almennilega.

Morgunvakt kl. 9:30 - 12:30 og dagvakt kl. 13:45 - 17:00

Sjá til þess að nemendur mæti á réttum tíma á réttan stað. Ganga heimavistina á milli námskeiða. Einn fararstjóri er staðsettur í matsal og er til taks ef upp koma veikindi eða vandamál. Aðrir fararstjórar þurfa m.a. að taka þátt í námskeiðum með nemendum og vera til taks fyrir þá nemendur sem það þurfa. Fararstjóri sér einnig um að hvetja nemendur til að fá sér hressingu og ganga frá í matsal eftir hressingu. Á miðvikudegi kl. 14-17 eru nemendur í GÖGL í Íþróttahúsi frá kl. 14-15:30 og 15:30-17. Þeir sem eru ekki í Gögl eru með VAL stund og geta farið í sund eða fundið sér eitthvað að gera. Það sama á við á fimmtudegi kl. 14:15-16:00, þá fá nemendur að velja hvað þeir gera nema vera inn á herbergjum. Einn fararstjóri þarf að vera á vakt á þessum tíma í matsal og sjá til að allir finni sér eitthvað skemmtilegt að gera.

Kvöldvakt kl. 17:00 - 24:00

Í frjálsum tíma, bera fararstjórar ábyrgð á að allt fari vel fram og sinna nemendum. Starfsfólk búðanna sér um einn viðburð á hverju kvöldi, að öðru leiti sjá nemendur um að hafa ofan af frítíma sínum með fararstjórum skólanna. Ópið er í sundi mánudag- og þriðjudagskvöld eftir kvöldviðburð, þá geta nemendur nýtt sér sundlaugina að vild, ekki þarf að gæsla þar. Gert er ráð fyrir að nemendur séu komnir í koju kl. 23:00 og algjör ró sé komin í húsið kl. 24:00.

Matsalur

Fararstjórar bera ábyrgð á að matsalur sé snyrtilegur alla daga og sjá um að nemendur sinni skyldum sínum við frágang. Fararstjórar skammta í hádeginu og við kvöldmat, mæting u.þ.b. 5 mín. fyrir.

Heimavist

Vera staðsettur á heimavist, hafa eyru og augun opin. Vakandi yfir hegðun og fyrirbyggja neikvæða hegðun og skemmdarverk. Það hefur sýnt sig að nemendur eiga til að ganga illa um heimavist og húsbúnað ef engin fullorðin er á staðnum. Á mánudegi koma nemendur sér fyrir á herbergjum og sjá síðan um alla vikuna að

ganga vel um herbergi sín. Fararstjórar þurfa að árétta við nemendur ef umgengni er léleg.

Gönguferðir og útivist

Mikið er um útivist og gönguferðir. Fararstjórar skipta á milli sín verkum og aðstoða leiðbeinendur við dagskráliði í útivist og eru til aðstoðar og til taks ef eitthvað kemur uppá.

Kvöldhressing

Fararstjórar sjá alfarið um kvöldhressingu og er það útskýrt á mánudegi á fundi með fararstjórum.

Næturvakt

Einn fararstjóri er á næturvakt hverju sinni og annar á bakvakt.

Hópaæfing kl. 17:30 - 18:00 á fimmtudegi í íþróttasal.

Einn fararstjóri þarf til að sjá til þess að fara með alla nemendur í íþróttahúsið. Hver hópur fær eitt bíl í salnum, passa tímasetningar.

Laugaleikarnir á fimmtudagskvöldi

Algjört skilyrði að allir fararstjórar njóti þessarar samveru með nemendum sínum.

Þrif á föstudegi kl. 09:00 - 10:00

Tveir fararstjórar þurfa að vera fastir á heimavist á þessum tíma, það þarf að ýta á eftir nemendum að pakka og fara með dótið sitt á viðeigandi stað. Leiðbeinandi búðanna sér um þrif með nemendum.

Kveðjustund og endurmat er kl. 10:00 - 10:45 á föstudegi